

Seyðisfjarðarkaupstaður

**Greinargerð með
fjárhagsáætlun 2018 - 2021**



Efnisyfirlit

Almennt.....	4
Viðmið fjárhagsáætlunar	4
Tekjuforsendur.....	5
Útgjaldaforsendur.....	5
Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2018	5
Framlegð og sjóðstreymi.....	6
00 Skatttekjur.....	7
Útsvar	7
Jöfnunarsjóður	7
Fasteignagjöld.....	8
Gjaldskrár	8
02 Félagsþjónusta.....	9
03 Heilbrigðismál.....	9
04 Fræðslu og uppeldismál	9
05 Menningarmál.....	10
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	10
07 Brunamál og almannavarnir	10
08 Hreinlætismál.....	10
09 Skipulags og byggingamál	10
10 Umferðar og samgöngumál.....	10
11 Umhverfismál.....	11
13 Atvinnumál	11
21 Sameiginlegur kostnaður.....	11
22 Breyting lífeyrisskuldbindinga	11
28 Fjármagnsliðir	12
31 Eignasjóður.....	13
33 Þjónustustöð.....	13
41 Hafnarsjóður	13
43 Vatnsveita	13
55 Leigueignir	14



57 Félagslegar íbúðir	14
61 Fráveita	14
Framkvæmdir og fjárfestingar 2018	14
32 Eignasjóður	14
42 Hafnarsjóður	14
44 Vatnsveita	14
58 Félagslegar íbúðir	14
62 Fráveita	14
Fjármögnun	15
Þriggja ára áætlun	15
10 ára áætlun	15



Almennt

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 hefur verið unnin af kjörnum fulltrúum og starfsmönnum kaupstaðarins. Unnið hefur verið á grundvelli ramma miðað við þriggja ára áætlunina fyrir árin 2018 til 2020 sem hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af breyttum forsendum. Við vinnslu áætlunarinnar hefur einnig verið horft til viðmiðana um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Undanfarin ár hefur verið lögð áherslu á að aðkomu forstöðumanna, starfsmanna og nefnda kaupstaðarins við vinnslu fjárhagsáætlunar. Einnig hefur verið leitast við að eiga samtal við bæjarbúa með og nú í ár var óskað eftir upplýsingum og ábendingum frá íbúum. Í ár eins og undanfarin ár hafa verið teknar saman margvíslegar upplýsingar með samtölum og fundum með starfsmönnum, fulltrúum félaga og íbúum. Jafnframt sem innsend erindi eru höfð til hliðsjónar. Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðinn vetur með samþykkt og úthlutun fjárhagsramma sem er grunnur að þeirri tillögu að fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2019–2021 er lögð fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta eru aðalsjóður, eignasjóður og áhaldahús. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka sem fjármagnaðir eru með skatttekjum, framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjum. Eignasjóður fer með rekstur, viðhald, endurbætur og framkvæmdir fasteigna á vegum A-hlut og gatna og vegamál. Í B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Leigueignir, Félagslegar íbúðir og Fráveita. Þessir sjóðir og/eða fyrirtæki starfa á grunni þjónustutekna og/eða álagningar í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun 2019 til 2021 var samþykkt á fundi bæjarráðs miðvikudaginn 6. desember síðastliðinn og fyrir Hafnarsjóð á fundi hafnarmálaráðs föstudaginn 8. desember síðastliðinn til seinni umræðu í bæjarstjórn. Nokkrar minniháttar breytingar frá tillögunnin eins og hún lá fyrir við fyrri umræðu í nóvember voru samþykktar á þessum fundum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal tillaga að fjárhagsáætlun vera samþykkt eftir síðari umræðu í sveitarstjórn fyrir 15. desember ár hvert.

Á árinu 2016 var rekstrarafkoma kaupstaðarins jákvæð sem nam um 50,5 milljónum króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 5,7 milljónum króna. Samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2017 mun rekstrarafkoma samstæðu kaupstaðarins nema 32 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu samstæðunnar að upphæð 53,7 milljónir króna.

Viðmið fjárhagsáætlunar

Helstu viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.



Samanburður á helstu viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar viðkomandi niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2017.

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er samanlagður rekstur árána 2016-2018 í A-hluta neikvæður sem nemur 6,8 milljónum króna en niðurstaða samstæðunnar jákvæð um 136,3 milljónir króna.

2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Samkvæmt áætluninni mun skuldaviðmið samstæðunnar í reikningsskilum um áramót 2017 og 2018 verða 119,6% og í lok árs 2018 verður hlutfallið 110,1%. Í árslok 2015 var hlutfallið 136,1%.

3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.

Samkvæmt niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar verður EBITDA framlegð samstæðunnar árið 2018 14% lækkar frá uppgjöri ársins 2016 úr 16%.

4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 verður veltufé frá rekstri samstæðunnar um 159 milljónir króna. Afborganir langtímalána nema hins vegar um 80,9 milljónum króna.

Tekjuforsendur

Reiknað er með að íbúafjöldi breytist lítið á árinu 2018. Íbúum fækkaði lítillega frá árinu 2015. Gert er ráð fyrir að atvinnustig verði sambærilegt og á árinu 2017. Atvinnustig er gott og nokkuð er um að ekki takist að manna alla starfsemi í kaupstaðnum allavega tímabundið. Tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga á tekjur en nokkrir samningar eru lausir og niðurstöður hvað þá varðar því ófyrirséðar. Tekið er mið af útreikningum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og áætlunum jöfnunarsjóðs varðandi framlög frá honum. Tekið er inn í útreikninga breytingar á fasteignagjaldstofni og miðað við að fasteignamat fyrir árið 2018 er 8,1% hærra en fyrir árið 2017 og að lóðamat hækkar um 8,4% milli ára. Gert er ráð fyrir öðrum tekjum áætlunarinnar á forsendum samninga, þjónustugjalda og miðað við áætlun um þjónustu.

Útgjaldaforsendur

Tekið er mið af verðbólguþá Hagstofu Íslands. Jafnframt eru hafðir til hliðsjónar útreikningar frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og greiningardeildum banka. Tekið er mið af launahækkunum samkvæmt kjarasamningum og spá um þróun launavísitölu. Fyrirvari er í áætluninni vegna kjarasamninga sem lausir eru. Aðföng í formi vöru og þjónust til starfseminnar verði með áþekkingu hætti og verið hefur. Framlög og styrkir verði að mestu óbreytt miðað við yfirstandandi ár.


Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2018

Í áætluninni er reiknað er með að rekstrarniðurstaða A-hluti bæjarsjóðs verði jákvæð um tæpar 7 milljónir króna eftir fjármagnsliði. Gert ráð fyrir að niðurstaða A og B hluta eftir fjármagnsliði verði jákvæð um 53,7 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðunnar verði um 159 milljónir króna. Veltufé frá rekstri A-hluta nemi tæpum 72 milljónum króna samanborið við 57,2 milljónir króna í fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár eða hækkun sem nemur 14,8 milljónum króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 verða þær breytingar á eignum samstæðunnar að þær hækka um 18,9 milljónir króna. Um er að ræða áhrif fjárfestinga að frádregnum afskriftum. Eigið fé samstæðunnar verður um 193,4 milljónir króna samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2017. Langtímaskuldir lækka úr 642,7 milljónum króna í 579,9 milljónir króna eða um 62,9 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar í árslok 2018 samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 nema 1.082



milljónum króna. Lífeyrisskuldbindingar hækka frá árinu 2017 til ársloka 2018 samkvæmt áætluninni um 26,8 milljónir króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2019-2021 er útlit fyrir jákvæðri þróun rekstrar eftir því sem fyrirséð er nú eins og sjá má á mynd 1 sem sýnir þróun afkomu kaupstaðarins. Raunþróun frá 2002 til 2016 og síðan samkvæmt því sem áætlað er fyrir árin 2017 til 2021.

Mynd 1: Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða frá 2002 til 2021 (í þús. kr.) - Allar tölur á verðlagi hvers árs.




Framlegð og sjóðstreymi

Framlegð eða EBIDTA af A hluta samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2018 verður jákvæð um 4,30%, samanborið við 0,76 í áætlun fyrir árið 2017. Í ársreikningi fyrir árið 2016 var EBITA fyrir A-hluta 4,62%. Framlegð A- og B-hluta er í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, 14,% samanborið við 11,43% í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Samkvæmt ársreikningi 2016 var framlegð samstæðunnar 16,%. Veltufé frá rekstri er jákvætt í A- hluta um 72 milljónir króna samanborið við 41,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Í samstæðunni þ.e. A- og B-hluta er veltufé jákvætt um 159 milljónir króna samanborið við 117,8 milljónir króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Veltufjárhlutfall verður 0,79. Afborganir langtímalána nema 80,8 milljónum króna. Fjárfestingahreyfingar eru áætlað að nemi um 100 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um 37 milljónir króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2019-2021 er útlit fyrir að veltufé frá rekstri þróist með jákvæðum hætti eins og sjá má á mynd 2 sem sýnir þróun veltufjár samantekins A- og B-hluta árin 2002 til 2021. Raunþróun frá 2002 til 2016 og síðan áætlun árin 2017 til 2021.



Mynd 2: Veltufé frá rekstri í A- og B-hluta 2002 til 2021 (í þús. kr.) - Allar tölur á verðlagi hvers árs.



00 Skatttekjur

Í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að skatttekjur, með framlögum úr Jöfnunarsjóði, nemi 611,1 milljón króna samanborið við 535,4 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skatttekjur með tekjum úr jöfnunarsjóði hækki um 14,1%.

Útsvar

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði 14,52% sem er lögbundið hámark. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2018 nemi 368,5 milljónum króna samanborið við 348,9 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Tekjur af útsvari 2016 námu 323,5 milljónum króna.

Jöfnunarsjóður

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög sjóðsins, verða tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2018 153 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var reiknað með að framlög jöfnunarsjóðs næmu 115,3 milljónum króna sem er hækkun sem nemur 37,7,2 milljónum króna. Tekjur úr jöfnunarsjóði árið 2016 námu 120,3 milljónum króna.



Fasteignagjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er reiknað með að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) verði 0,625% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinberar húseignir í eigu ríkisins (B) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) er 1,65% af fasteignamati húss og lóðar. Gert er ráð fyrir að lóðarleiga verði 2%. Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði 0,335% af stofni. Vatnsskattur vegna íbúðarhúsnæði (A) verði 0,315% og vatnsskattur vegna atvinnuhúsnæðis (B) verði 0,45%.

Gjaldskrár


Eins og undanfarin ár hefur áhersla hefur verið lögð á af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs að lágmarka hækkunar á gjaldskrá og að heldur verði horft til aðhalds hvað útgjöld varðar. Í tillögum um gjaldskrárbreytingar er öllu jöfnu miðað við að gjöld hækki ekki umfram þróun verðlags og launa. Tillögur um gjaldskrárbreytingar nú eru nokkuð mismunandi eftir gjaldskrá. Þær taka mið af útgjaldaaukningu og því að fyrri ákvarðanir hafa í einhverjum tilvikum verið nokkuð varfærnar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á afsláttum frá gjaldskrá til nema, öryrkja og eldir borgara.

Mynd 3: Hlutfallsleg skipting heildartekna samkvæmt rekstrarreikningi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.





Mynd 4: Skipting annarra tekna sjóða en skatttekna skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 (í þús. kr.)



02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsþjónustu hækki um 2,6 milljónir króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að útgjöld að frádregnum tekjum næmu 31 milljón króna. Fyrir árið 2018 er áætlað til málaflokksins 33,6 milljónum króna. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að starfsemin verði áþekkt og verið hefur á árinu 2017.

03 Heilbrigðismál

Í málaflokknum eru fært fyrir heilbrigðiseftirliti og verkefni tengt heilsueflandi samfélagi. Það verkefni hófst á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna málaflokksins nemi 1,4 milljónum króna. Það er lítillega hærra upphæð er gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2017.

04 Fræðslu og uppeldismál

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála í heild nemi 256 milljónum króna samanborið við 233,6 milljónum króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Útgjöld vegna fræðslumála námu 215,3 milljónum króna árið 2016. Um að ræða útgjöld að frádregnum tekjum af innheimtu þjónustugjalda og öðrum tekjum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að tekjur af þjónustugjöldum á vegum Seyðisfjarðarskóla nemi 22,9 milljónum króna samanborið við tæpar 25 milljónir króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Málaflokkurinn er í áætluninni með útkomu sem nemur um 12 milljónum krónu umfram úthlutaðan fjárhagsramma. Helst ræðst það af því að gert er ráð fyrir auknu fjármagni til Seyðisfjarðarskóla. Það ræðst af þróun launakostnaðar, starfsmannahaldi og því að gert er ráð fyrir endurbótum á aðbúnaði nemenda og starfsmanna, skólahúsgögnum ofl. er lýtur að umgjörð skólalagsins.



05 Menningarmál

Reiknað er með að útgjöld til menningarmála nemi 46,4 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins næmu 45,9 milljónum króna. Rekstur málaflokksins árið 2015 nam 37,8 milljón króna að frádregnum tekjum sem námu 29 milljónum króna. Eins og áður er áætlað fyrir launum starfsmanna í sumarvinnu á deildir sem njóta starfskrafta þeirra. Á það við um Tækniminjasafnið og Kirkjubýggingar. Í tillögunni áætlað fyrir tekjum og útgjöldum vegna viðburða svo sem og LungA, List í ljósi og Bláu kirkjunnar en miðað hefur verið við að reka þá á grundvelli tekna sem tekst að afla til þeirra og beinum framlögum kaupstaðarins. Einnig er Miðstöð menningarfræða er áfram færð undir málaflokknum þar sem framlög til hennar koma beint til kaupstaðarins, útgjöld greiddast síðan til umsjónaraðila í samræmi við ábyrgðaraðilasamning þar um.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Í tillögu að fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir að útgjöld til íþrótta og æskulýðsmála að frádregnum tekjum nemi 59,4 milljónum króna. Í áætlun ársins 2017 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 55,3 milljónum króna. Útgjöld vegna málaflokksins árið 2016 námu tæpum 56,1 milljón króna. Gert er ráð fyrir að tekjur málaflokksins af þjónustugjöldum og aðrar tekjur á árinu 2018 nemi 25,9 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var reiknað með tekjum að upphæð 22,7 milljónir króna.

07 Brunamál og almannavarnir

Reiknað er með að útgjöld vegna bruna- og almannavarna nemi um 16 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var reikna með að sambærileg útgjöld næmu 12,9 milljónum króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins árið 2016 námu 12,6 milljónum króna. Hækkun skýrist af hækkun húsaleigu til slökkviliðs og þróunar launaúgjalda slökkviliðsmanna. Áætlun slökkviliðs á vörukaupaliðum byggist á fjárfestingaáætlun vegna brunavarnaráætlunar. Með endurgerð áhaldahússins stækkar rými slökkvistöðvar nokkuð mikið og öll aðstaða batnar til muna.

08 Hreinlætismál

Samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins nemi 7 milljónum króna samanborið við 6,7 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Undir málaflokkinn falla meðhöndlun úrgangs, meindýraeyðing og eftirlit með hunda- og kattahaldi.

09 Skipulags og byggingamál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála nemi 14,5 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 námu fjárheimildir 17,8 milljónum króna að frádregnum tekjum. Lækkun á útgjöldum málaflokksins liggur í því að ekki er gert ráð fyrir útgjöldum í verkefnið Verndarsvæði í byggð en í áætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að útgjöld til þess næmu um 4,5 milljónum króna. Fyrir liggur að nokkuð mikil þörf er á vinnu við deiliskipulagsgerð og er gert ráð fyrir hækkun vegna þess um 1 milljón króna.

10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins fyrir árið 2018 nemi 23,9 milljónir króna, samanborið við 22,3 milljónir króna fyrir árið 2017. Á árinu 2016 námu útgjöld vegna umferðar og samgöngumála 18,9 milljónum króna. Helsta breytingin milli áranna 2017 og 2018 er að gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna viðhalds gatna með hliðsjón af uppsafnaðri viðhaldsþörf. Snjómokstur og hálkuvarnir



eru unnar að mestu með tækjum og mönnum áhaldahúss en einnig af verktökum þegar snjóar mest og erfiðlega gengur að hafa undan. Reiknað er með að þau verkefni verði með áþekktum hætti og verið hefur undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna snjómokstur og hálkuvana nemi um 4,8 milljónum króna.

11 Umhverfismál

Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld til umhverfismála nemi 22,3 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins næmu 17,0 milljónum króna. Árið 2016 námu útgjöld málaflokksins 18,9 milljónum króna. Gert er ráð fyrir sérstakri áherslu á málaflokkinn. Þá hefur aldursamsetnings sumarvinnuflokks breytst og meðalaldur hækkað nokkuð. Gert er ráð fyrir aðstoð frá áhaldahúsi en hún hefur aukist nokkuð frá því sem áður var. Lögð verður áhersla á að halda miðbænum snyrtilegum og bæta gönguleiðir. Þá verður áfram unnið við hreinsun á framburði úr farvegum og skriðu eftir vatnsveður á þessu ári. Taka þarf til endurskoðunar losun soppílata í bænum. Með fjölgun þeirra sem sækja kaupstaðinn heim eykst notkun þeirra og nokkuð ber á að ekki hefst alltaf undan með tæmingu.

13 Atvinnumál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna málaflokksins á árinu 2018 nemi 22,5 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var reiknað með að útgjöld næmu 19,8 milljónum króna. Helstu breytingar felast í því að ekki fékkst framlag frá Ferðamálastofu vegna heilsársopunar upplýsingamiðstöðvarinnar eins og var á árinu 2017 þá fékkst framlag sem nam 1,5 milljón króna. Stefnt er engu að síður að heilsársopnun hennar og að leitað verið samninga um hlutfjármögnun frá Ferðamálastofu. Þá var stöðin ekki mönnuð allt árið 2017 eins og nú er gert ráð fyrir á næsta ári. Einnig er gert ráð fyrir aukinni viðveru vegna fjölgunar ferðamanna. Þá er reiknað með eitthvað minni vörusölu. Á móti kemur að gert er ráð fyrir betri afkoma af tjaldsvæði sem einkum liggur í meiri umsvifum. Reiknað er með að tekjur þess hækki um allt að 5 milljónum króna sem tekur mið af yfirstandandi rekstrarári.

21 Sameiginlegur kostnaður

Seint á árinu 2016 tilkynnti Advania að SFS fjárhagskerfið sem Seyðisfjarðarkaupstaður hefur notað til fjölda ár yrði lagt af. Samið var við Wise um áskrift að Navision fjárhagskerfi sem tekið var í notkun í ársbyrjun 2017. Nokkur ófyrirséð útgjöld hafa orðið vegna skiptanna og má vænta að innleiðing verði nokkurn veginn gegnin eftir þegar kemur fram á mitt ár 2018. Með áskrift er kerfið uppfært reglulega og á því ekki að koma til útgjalda við uppfærslur. Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður nemi 60,2 milljónum króna árið 2018. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var reiknað með að hann næmi 54,6 milljónum króna. Niðurstaðan uppgjörs fyrir árið 2016 var að útgjöld námu 48,5 milljónum króna. Það sem helst skýrir aukin útgjöld miðað við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er eftirfarandi: Útgjöld vegna endurskoðunar eru hækkuð um 1,5 milljón króna vegna m.a. vegna breytinga á fjárhagskerfi. Útgjöld vegna bæjarskrifstofu eru hækkuð um 1 milljón króna. Útgjöld vegna Stefnumótunar hækka um 1,2 milljónir króna en fyrirhugað er að ljúka bráðabirgðaskýrslu vegna stefnumótunar kaupstaðarins. Ýmiss útgjöld er hækkuð um 1,5 milljón króna en það er til þess horfs sem var fyrir árið 2017 en þá voru útgjöld lækkuð til að mæta hagræðingarkröfu. Aðallega vegna aukinna útgjalda vegna skipta á fjárhagskerfi.

22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

Reiknað er með að breyting lífeyrisskuldbindinga á árinu 2018 nemi 42,7 milljónum króna samanboreið við 39,5 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Árið 2016 breyttist lífeyrisskuldbinding




kaupstaðarins sem nam 39,5 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir gjaldfærðri og greiddri breytingu lífeyrisskuldbindinga.


28 Fjármagnsliðir

Samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir að niðurstaða af fjármagnsliðum það er fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum verði neikvæð í aðalsjóði um 0,5 milljón króna samanborið við neikvæða niðurstöðu í áætlun fyrir árið 2017 sem nam 3,2 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2016 var neikvæð sem nam 1 milljón króna.

Mynd 5: Skipting framlaga til málaflokk samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 (í þús kr.)



Mynd 6: Hlutfallsleg skipting útgjalda milli málaflokk samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018





31 Eignasjóður

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu af rekstri eignasjóðs sem nemur 13,4 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var reiknað með jákvæðri afkomu að upphæð 8,4 milljónum króna. Afkoman á árinu 2016 var jákvæð um 13,6 milljónir króna. Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið veitt auknu fjármagni til viðhalds og endurbóta á fasteignum og mannvirkjum. Gert er ráð fyrir um 26,6 milljónum króna til viðhalds og endurbóta á árinu 2018. Árlega fer fram nokkuð mikið viðhald í Sundhöllinni. Önnur verkefni á næsta ári verða við skólahúsnæði og mannvirki þeim tengd, gervigrasvöll við Túngötu, Félagsheimilið Herðubreið, tjaldsvæði og eignir á skíðasvæði svo eitthvað sé nefnt.

33 Þjónustustöð

Gert er ráð fyrir að á árinu 2018 nemi útgjöld vegna þjónustustöðvar umfram tekjur verði um 10,9 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var reikna með að útgjöld umfram tekjur næmu 19,8 milljónum króna. Árið 2016 námu útgjöld vegna þjónustustöðvarinnar tæpum 18,7 milljónum króna. Starfsmenn áhaldahúss sjá um margvíslega verkefni tengd rekstri eigna kaupstaðarins. Svo sem umsjón og viðhaldi með vatnsveitu, fráveitu, fasteignum, mannvirkjum og opnum svæðum. Snjómokstur og hálkuvarnir eru framkvæmdar af þeim. Jafnframt annast áhaldahúsið eftirlit með gæludýrahaldi. Þá koma starfsmenn áhaldahúss í auknu mæli að styðja við starfsemi hafnarinnar vegna umferðar skemmtiferðaskipa.

41 Hafnarsjóður

Aukin umsvif hafa verið hjá Hafnarsjóði og tekjur hafnarinnar aukist umtalsvert. Í fjárhagsáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða hafnarsjóðs verði jákvæð sem nemur 36,9 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að tekjur nemi 176 milljónum króna. Reiknað er með að tekjur af hafnargjöldum og seldri þjónustu nemi 160,6 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var reiknað með að þær næmu 133,4 milljónum króna. Á árinu 2016 voru tekjur hafnarsjóðs af almennum hafnargjöldum og þjónustugjöldum 141,8 milljónir króna. Tekjur hafnarsjóðs eru háðar nokkurri óvissu. Undanfarin ár hafa verið nokkuð hagstæð einkum vegna magns landaðs uppsjávaraflla. Gert er ráð fyrir að landaður afli verði svipaður og á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að umsvif flutninga farþega og farms með Norröna verði áþekk og verið hefur. Fjöldi koma skemmtiferðaskipa sem hafa bókað sig eru nokkru fleiri en á árinu 2017 en tekjar af komum þeirra ráðast mikið af stærð skipanna. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu hafnarsjóðs árið 2018 sem nemur 36,9 milljónum króna samanborið við 22,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Gert er ráð fyrir að fjármagnsgjöld nemi 19,2,8 milljónum króna samanborið við 24,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2017. Árið 2016 var afkoma hafnarsjóðs jákvæð sem nam 33,5 milljónum króna. Miðað er við að áfram verði unnið markvisst að markaðssetningu og þróun hafnarinnar og hafnarsvæða.

43 Vatnsveita

Í áætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að rekstur vatnsveitunnar skili jákvæðri niðurstöðu sem nemur 4,5 milljónum króna eftir fjármagnsliði. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða næmi 4,2 milljónum króna. Niðurstaða rekstrar eftir fjármagnsliði árið 2016 var jákvæð um 6,1 milljón króna.



55 Leigugeignir

Gert er ráð fyrir að starfsemin verði óbreytt miðað við yfirstandandi rekstrarár. Reiknað er með að útgjöld vegna leigugeigna árið 2018 verði rúm 1 milljónir króna eftir fjármagnsliði sem nema 2,2 milljónum króna. Það er heldur lægra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2017 en þá var áætlað að útgjöldin yrðu 1,8 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 var neikvæð sem nam 2,1 milljónum króna.

57 Félagslegar íbúðir

Rekstrarafkoma félagslegra íbúða ræðast nokkuð af stöðugleika á útleigu eigna og viðhaldi þeirra. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er reiknað með að jákvæð niðurstaða verði af rekstri félagslegra íbúða sem nemur 2,1 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2017 var gert ráð að niðurstaðan yrði jákvæð sem næmi 0,5 milljónum króna. Niðurstaða rekstrar 2016 var jákvæð að upphæð 2,9 milljónir króna.

61 Fráveita

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er reiknað með að niðurstaða af rekstri fráveitunnar verði jákvæð um 4,3 milljónir króna. Í áætlun ársins 2017 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða næmi 3,3 milljónum króna. Rekstrarniðurstaðan 2016 var jákvæð sem nam 0,2 milljónum króna. Nokkuð er bætt í viðhaldsliði frá því sem verið hefur til að mæta uppsafnaðari viðhaldsþörf.

Framkvæmdir og fjárfestingar 2018

32 Eignasjóður

Bæjarráð leggur til að fjárfestingar í eignasjóði nemi um 47 milljónum króna. Helstu verkefni sem gert er ráð fyrir í eignasjóði eru hluti ytra byrðis á félagsheimilinu Herðubreið og endurnýjun á yfirborði Garðarsvallar.

42 Hafnarsjóður

Hafnarmálaráð gerir tillögu um fjárfestingar á vegum hafnarsjóðs nemi 27 milljónum króna. Helstu verkefni verða við að ljúka endurgerð Ránargötu 2, endurbætur hafnarmannvirkja og hafnarsvæði. Gert er ráð fyrir fjármunum til hafnarmannvirkja og hafnarsvæða að upphæð 15 milljónir króna og um 12 milljónum króna til endurgerðar Ránargötu 2.

44 Vatnsveita

Þörf er fyrir að undirbúa endurnýjun stofnlagnar dreifikerfis frá vatnshreinsistöð og þörf á að taka áætlanir til skoðunar í tengslum við þriggja ára áætlun.

58 Félagslegar íbúðir

Gert er ráð fyrir fjárfestingum á vegnum félgslegra íbúða að upphæð 22 milljónum króna. Aðallega vegna endurbóta íbúðanna við Múlaveg 34-40.

62 Fráveita

Bæjarráð gerir tillögu um fjárfestingar á vegum fráveitu nemi 3,5 milljónum króna. Helstu verkefni eru tenging nokkurra húsa á við Hafnargötu og uppfærslu á gagnagrunni vegna viðlagatryggingar.



Mynd 7: Samantekt yfir fjárfestingar í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 (í þús kr.)

Eignasjóður:		47.450
	Hafnargata 44	2.500
	Ljósleiðari	3.250
	Félagsheimilið Herðubreið	20.000
	Fótboltavöllur við Garðarsveg	15.000
	Hitaveita - Húsahtun	2.500
	Tjaldsvæði	1.200
	Seyðisfjarðarskóli	3.000
Hafnarsjóður:		27.050
	Hafnarmannvirki	15.000
	Áhaldahús	12.050
Félagslegar íbúðir:		22.000
	Múlavegur 34-40	22.000
Fráveita:		3.500
	Holræsi	3.500
	Fjárfestingar samtals:	100.000

Fjármögnun

Í framlögððum tillögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs fylgt þeirri stefnu að framkvæmdir verði fjármagnaðar af handbæru fé.

Þriggja ára áætlun

Í þriggja ára áætlun fyrir árin 2019 til 2021 ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri eða starfsemi umfram það sem nemur þróun starfseminnar milli árána 2017 og 2018. Áætlað svigrúm fyrir fjárfestingar sem hægt er að vinna með að endurbóta og framkvæmdaáætlunum. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að áfram verði unnið að lækkun skulda.


10 ára áætlun

Seyðisfjarðarkaupstaður hefur uppfyllt áætlun um skuldaviðmið þ.e. um viðmið 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og var viðmiðinu náð í árslok 2014. Rétt er þó að vekja athygli á neikvæðum áhrifum hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Til glöggvunar er lagatílvísunin klippt hér inn skáletruð. „2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“


Yfirlit 10 ára áætlunar er hér lagt fram með fjárhagsáætlun 2018-2021 en af því má sjá þróun og áhrif af stefnu bæjarstjórnar á viðmið og rekstur til 10 ára.



Mynd 8: Langtímaskuldir 2002-2021 (í þús. kr.) - Allar tölur á verðlagi hvers árs



Mynd 9: Heildarskuldir og skuldbindingar 2002 til 2021 (í þús. kr.) - Allar tölur á verðlagi hvers árs.





Starfsfólki kaupstaðarins sem hefur komið að vinnslu áætlunarinnar er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Fulltrúum í bæjarráði, hafnarmálaráði og nefndum þakka ég fyrir gott samstarf við gerð hennar. Fjárhagsáætlun fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, stofnanir, fyrirtæki og sjóði hans fyrir árið 2018 til 2021 eru hér lagðar fram til síðari umræðu.

13. desember 2017

Vilhjálmur Jónsson
Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar